

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Sigfúsarsjóð, nr. 642/2012.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki og fjárframlög til málefna og verkefna á sviði velgerðar- og mannúðarmála, sem hafa það að meginmarkmiði að stuðla að auknum jöfnuði. Einnig að styrkja og styðja jafnaðarstefnuna og þau samtök sem vinna að framgangi hennar á Íslandi.

2. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Sigfúsarsjóð staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 20. maí 2020.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrimsdóttir.